

HAF- OG VATNARANNSÓKNIR

MARINE AND FRESHWATER RESEARCH IN ICELAND

Fiskirannsóknir á vatnasvæði Flekkudsalsár 2025

Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Jóhannes Guðbrandsson



HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

MARINE & FRESHWATER RESEARCH INSTITUTE

Fiskirannsóknir á vatnasvæði Flekkudalsár 2025

Höfundar	Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Jóhannes Guðbrandsson
Unnið fyrir	Veiðifélag Fellsstrandar
Verkefnisstjóri	Jóhannes Guðbrandsson
Yfirfarið af	Sigurður Óskar Helgason
Samþykkt af	Guðni Guðbergsson Ferksvatns- og eldissvið

Haf- og vatnarannsóknir / Marine and Freshwater Research in Iceland

Númer	HV 2026-06	ISSN	2298-9137
Dagsetning	16. febrúar 2026	Dreifing	Opin
Fjöldi síðna	20	Verknúmer	8906

© Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Ágrip

Laxveiðin á vatnasvæði Flekkudalsár árið 2025 var 55 laxar, tæplega þriðjungur af meðalveiði tímabilisins 1984 – 2024. Smálaxar voru í meirhluta (90%) og af kyngreindum fiskum var hlutur hrygna ívið minni en hænganna og hjá stórlöxum voru hrygnur 80% veiðinnar. Hlutdeild þess að veiða og sleppa lifandi fiski hefur farið vaxandi undanfarin ár og hefur meira en þriðjungur laxveiðinnar verið sleppt á tímabilinu 2015 – 2025. Auk lax veiddust 29 urriðar og 6 bleikjur.

Hreistursýni voru tekin af fimm löxum úr stangveiðinni og nam úrtakið einungis 9% af heildarveiði. Aldursgreining sýndi að ferskvatnsaldur var þrjú til fjögur ár og tilheyrðu laxarnir klakárgöngum 2020 og 2021; þrír smálaxar og tveir laxar á endurtekinni hrygningu.

Í seiðamælingum veiddust 94 laxaseiði (frá 0+ til 3+), eitt sumargamalt (0+) bleikjuseiði og 12 urriðaseiði (frá 0+ til 3+). Meðallengdir yngstu þriggja aldurshópa laxaseiða voru allar yfir langtímameðaltali en mestur var munurinn hjá 0+ seiðum. Hlýindi einkenndu sumarið 2025.

Seiðavísitala sumargömlu (0+) laxaseiðana var vel yfir langtímameðaltali en aðrir aldurshópar voru undir meðaltali. Sérstaka athygli vaktilág seiðavísitala veturgömlu (1+) seiðanna sem var einungis um fimmtungur af langtímameðaltali en árgangurinn mældist í meðallagi árið 2024 sem 0+ seiði.

Mælt er með að forsvarsmenn Veiðifélags Flekkudalsár kanni möguleika á fisktalningu neðarlega á vatnasvæðinu með það að markmiði að mæla stærð hrygningastofnsins ár hvert og fylgjast með mögulegum strokulöxum úr sjókvíaeldi.

Lykilorð: laxveiði, stangveiði, seiðapéttleiki, seiðavísitala, lax, urriði, bleikja, hreistur, fiskteljari, hrygningarstofn.

Efnisyfirlit

1 Inngangur	1
2 Framkvæmd	2
2.1 Stangveiði	2
2.2 Hreisturrannsóknir	2
2.3 Seiðamælingar	2
3 Niðurstöður	4
3.1 Stangveiði	4
3.2 Hreisturrannsóknir	8
3.3 Seiðamælingar	8
4 Umræður	11
Þakkarorð	14
Heimildir	15
Viðauki 1: Fjöldi og hlutdeild laxa sem sleppt er af heildarveiðinni á vatnasvæði Flekkudalsár 2015 – 2025.	17
Viðauki 2: Veiði (fjöldi fiska) eftir veiðistöðum og tegundum á vatnasvæði Flekkudalsár 2025.	18
Viðauki 3: Seiðavísitala (fj seiða/100m²) hjá laxi á vatnasvæði Flekkudalsár 1986 – 2025. *Ekki mælt.	19
Viðauki 4: Hreistur tekið af lifandi fiski.	20

Myndaskrá

1. mynd. Hreisturtökustaður á laxi.....	2
2. mynd. Yfirlitskort af vatnasvæði Flekkudalsár á Skarðsströnd. Rafveiðistaðir 2025 eru sýndir með númerum.....	3
3. mynd. Laxveiðin á vatnasvæði Flekkudalsár 1984 – 2025.....	5
4. mynd. Hlutdeild veiða og sleppa af heildar stangveiði á laxi á vatnasvæði Flekkudalsár 2015 – 2025.....	6
5. mynd. Stangveiðin (fjöldi fiska á viku) á vatnasvæði Flekkudalsár árið 2025.	7
6. mynd. Meðallengd (cm) aldurshópa laxaseiða eftir árum á vatnasvæði Flekkudalsár 1986 – 2025.	9
7. mynd. Seiðavísitala (fj/100 m ²) laxaseiða eftir aldurshópum á vatnasvæði Flekkudalsár 1986 – 2025.	10

Töfluskrá

Tafla 1. Stangveiði á laxi, bleikju og urriða á vatnasvæði Flekkudalsár árið 2025.....	4
Tafla 2. Laxveiðin á vatnasvæði Flekkudalsár árið 2025 skipt eftir sjávaraldri og kyni.	4
Tafla 3. Silungsveiðin (bleikja og urriði) á vatnasvæði Flekkudalsár árið 2025 skipt eftir sjávaraldri og kyni.	5
Tafla 4. Niðurstöður rannsókna á hreistri úr stangveiðinni á vatnasvæði Flekkudalsár 2025..	8
Tafla 5. Aldursgreindir laxar út frá hreistri úr stangveiðinn á vatnasvæði Flekkudalsár 2025..	8
Tafla 6. Meðallengd (Ml, cm), fjöldi (Fj) og staðalfrávik (St.dev) hvers aldurshóps laxaseiða á hverri stöð.....	8
Tafla 7. Meðallengd (Ml, cm), fjöldi (Fj) og staðalfrávik (St.dev) hvers aldurshóps bleikju- og urriðaseiða á hverri stöð.....	9
Tafla 8. Vísitala seiðapétteleika (fjöldi seiða/100 m ²) allra aldurshópa laxa- og urriðaseiða í seiðamælingum á vatnasvæði Flekkudalsár 12. september 2025.....	10
Tafla 9. Holdastuðull (K) allra aldurshópa laxa og urriðaseiða í seiðamælingum á vatnasvæði Flekkudalsár 12. september 2025.	10

1 Inngangur

Meginárnar á vatnasvæði Flekkudalsár á Fellsströnd í Dölum er Flekkudalsá í Flekkudal (fiskgeng 24 km) og hliðará hennar, Tunguá í Galtardal (fiskgeng 11 km). Árnar sameinast í Kjarlaksstaðaa, stutta á sem rennur aðeins 1 km frá ármótum til Kjarlaksstaðavogar, sem er utarlega í norðanverðum Hvammsfirði (1. mynd). Samanlögð lengd fiskgengra árhauta vatnasvæðisins er um 36 km og flatarmál uppeldissvæða rúmlega 553 þús. m² með 12.825 framleiðslueiningum (Sigurður Már Einarsson og Ásta Kristín Guðmundsdóttir, 2013). Ársveiði á laxi á vatnasvæðinu er 175 fiskar að meðaltali (1985 – 2024) og veiðivon er á urriða (Guðmunda Björg Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson, 2025).

Laxfiskastofnar á vatnasvæðinu voru fyrst rannsakaðir 1986 (Sigurður Már Einarsson, 1987) og frá þeim tíma er til nánast samfelld gagnaröð upplýsinga um útbreiðslu laxfiska, seiðavöxt og seiðapéttleika (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Jóhannes Guðbrandsson, 2024). Söfnun hreistursýna úr veiðinni var samfelld á tímabilinu 1989 – 2013 (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson, 2014) en hefur verið stopull síðasta áratuginn. Búsvæði laxa á vatnasvæðinu voru metin haustið 2012 en þá var unnið að gerð nýrrar arðskrár fyrir Veiðifélag Fellsstrandar (Sigurður Már Einarsson og Ásta Kristín Guðmundsdóttir, 2013; Ásta Kristín Guðmundsdóttir, 2013).

Efri hluti Flekkudalsár, fyrir ofan Hallsstaði, og efri hluti Tunguár, fyrir ofan Örtugadalsgil, eru friðaðir fyrir allri veiði og frá árinu 2001 hefur fluga verið eina leyfða agnið í stangveiðinni. Veiðitímabilið er frá 1 júlí – 15. september og veitt er á þrjár stangir og einungis er leyft að landa einum smálaxi (undir 70 cm) á dag á hverja stöng og skylt er að sleppa öllum stórlaxi (70 cm og lengri).

Frá árinu 2020 hefur Stangveiðifélag Reykjavíkur leigt veiðiréttinn á vatnasvæðinu af Veiðifélagi Fellsstrandar. Veiðinýtingin nær til 48 veiðistaða og eru 24 í Flekkudalsá, 14 í Tunguá og 10 í Kjarlaksstaðaa (Sigurður Már Einarsson og Ásta Kristín Guðmundsdóttir, 2013).

Hér verður greint frá helstu niðurstöðum fiskirannsóknna Hafrannsóknastofnunar á vatnasvæði Flekkudalsár árið 2025. Stangveiði ársins verður sett í samhengi við langtímaþróun í laxveiði á vatnasvæðinu fyrir tímabilið 1984 – 2024 og greint verður frá niðurstöðum hreisturrannsókna úr laxveiðinni 2025. Seiðavísitala og meðallengdir aldurshópa seiða eru reiknaðar út frá seiðamælingum og verða niðurstöðurnar bornar saman við langtíma meðaltöl seiðamælinga á vatnasvæðinu á tímabilinu 1986 – 2024.

2 Framkvæmd


2.1 Stangveiði

Upplýsingar um stangveiði ársins 2025 á vatnasvæði Flekkudalsár á Fellsströnd voru fengnar úr veiðigagnagrunni Hafrannsóknastofnunar og Fiskistofu. Við greiningu laxveiðinnar var fjöldi fiska í stangveiðinni flokkaður eftir fisktegund og sundurliðaður eftir afla (fiskar sem er landað) og sleppingum (veitt og sleppt). Veiðin var sundurliðuð eftir kyni og sjávaraldri auk þess sem meðalþyngd og kynjahlutföll hvers flokks um sig voru tilgreind. Mörkin á milli smálaxa (eitt ár í sjó) og stórlaxa (tvö ár í sjó) voru skilgreind óháð kyni þannig að lax undir 70 cm væri smálax en lax 70 cm og stærri væri stórlax (Guðmunda Björg Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson, 2025). Veiði ársins 2025 var borin saman við langtímagögn um þróun stangveiðinnar á svæðinu (1984 – 2024).

2.2 Hreisturrannsóknir

Hreistursýnum sem safnað var úr stangveiðinni voru aldursgreind og þau rakin til klakárganga. Bent er á vef Hafrannsóknastofnunar þar sem hægt er að finna nákvæmar upplýsingar um sýnatöku á hreistri, bæði af dauðum og lifandi fiski (Viðauki 4). Slóð á leiðbeiningarnar er látin fylgja: <https://www.hafogvatn.is/is/rannsoknir/stangveidi/hreistursynataka>

Minnt er á að vanda merkingar á sýnatökupokanum og að skrá allar helstu upplýsingar um fiskinn, þ.e. kyn, þyngd, lengd, dagsetningu veiðinnar og veiðistað. Einnig er mælt til þess að skrá aðrar upplýsingar ef við á, t.d. ef fiskur er merktur, ummerki er um lús, sár á fiski eða grunur um eldiseinkenni.




1. mynd. Hreisturtökustaður á laxi sýndur með rauðum ferhyrningi, rétt aftan bakugga, ofan hliðarrákar. Einnig er sýnt hvernig lengd fisksins er mæld, frá snoppu aftur að sporðsýlingu.

2.3 Seiðamælingar

Þann 12. september 2025 var unnið við seiðamælingar á vatnasvæði Flekkudalsár. Árlega eru sjö stöðvar rannsakaðar; þ.e. stöðvar nr. 1 – 4 í Flekkudalsá, nr. 5 í Kjarlaksstaðaá og nr. 6 og 7 í Tunguá (2. mynd). Seiði voru lengdarmæld (cm) og vegin (g) auk þess sem nokkur seiði á hverri stöð voru krufin til sýnatöku. Öðrum seiðum var sleppt aftur í ána. Aldurslesnir fiskar út frá kvörnum voru notaðir til aldurskiptingar annarra seiða út frá lengdardreifingu. Meðallengd (cm) allra aldurshópa seiða var reiknuð auk þéttleikavísitölu (fjöldi seiða á 100/m²). Holdastuðull (K) var reiknaður fyrir alla

seiðaárganga hverrar tegundar ($\text{Holdastuðull} = \text{þyngd}/\text{lengd}^3 \cdot 100$) (Bagenal og Tesch, 1978). Holdastuðull nærri 1,0 lýsir laxa- og urriðaseiðum í meðalholdum.



2. mynd. Yfirlitskort af vatnasvæði Flekkudalsár á Skarðsströnd. Rafveiðistaðir 2025 eru sýndir með númerum.

3 Niðurstöður

3.1 Stangveiði

Á vatnasvæði Flekkudalsár árið 2025 veiddust 55 laxar, 29 urriðar og 6 bleikjur (Tafla 1; 2. og 3. mynd). Smálaxar voru í meirhluta (90%) og af kyngreindum fiskum var hlutur hrygna ívið minni en hænganna en hjá stórlöxum var hlutdeild hrygna 80% (Tafla 2). Áætluð meðalþyngd hjá smálöxum (n:49) var 2,35 kg en hjá stórlöxum (n:6) 5,07 kg (Tafla 2). Laxveiðin var tæplega þriðjungur af meðalveiði tímabilisins 1984 – 2024 (175 fiskar) (3. mynd) og er jafnframt önnur minnsta veiðin á tímabilinu. Fjögur lökustu veiðiárin frá upphafi veiðiskráningar í ánni er að finna á sl. sjö árum (3. mynd). Hlutdeild þess að veiða og sleppa lifandi fiski hefur farið vaxandi undanfarin ár og var sú hæsta fram til þessa árið 2025 (4. mynd). Að meðaltali hefur meira en þriðjungur laxveiðinnar verið sleppt á tímabilinu 2015 – 2025 (Viðauki 1).

Tafla 1. Stangveiði á laxi, bleikju og urriða á vatnasvæði Flekkudalsár árið 2025. Sýnt er hve miklu af veiðinni var landað eða sleppt og hlutfall sleppinga af heildarveiðinni.

Tegund	Afli	Sleppt	Veiði	Sleppt (%)
Bleikja	2	4	6	66,7
Smálax	24	25	49	51,0
Stórlax	0	6	6	100,0
Lax alls	24	31	55	56,4
Urriði	15	14	29	48,3

Tafla 2. Laxveiðin á vatnasvæði Flekkudalsár árið 2025 skipt eftir sjávaraldri og kyni. Mæld og áætluð meðalþyngd og -lengd hvers flokks er sýnd.


Kyn	Fjöldi	Mæld_meðalþyngd	Áætluð_meðalþyngd	Mæld_meðallengd	Áætluð_meðallengd	Heildarþyngd	Kyn (%)
Smálax							
Hængur	22	2,30	2,30	58,59	58,59	50,6	53,66
Hrygna	19	2,25	2,25	58,21	58,21	42,7	46,34
Óþekkt	8	2,71	2,71	62,38	62,38	21,7	
Alls	49	2,35	2,35	59,06	59,06	115,0	
Stórlax							
Hængur	1	4,50	4,50	75,00	75,00	4,5	20,00
Hrygna	4	5,03	5,03	77,75	77,75	20,1	80,00
Óþekkt	1	5,80	5,80	82,00	82,00	5,8	
Alls	6	5,07	5,07	78,00	78,00	30,4	

Allar kynskráðar bleikjur voru hrygnur og var áætluð meðalþyngd bleikjanna 0,58 kg. Nokkuð vantaði upp á kynskráningu urriðaveiðinnar en ekki er mælt með kynskráningu hjá silungi sem sleppt er aftur.


Af þeim urriðum sem kyngreindir voru var meirihlutinn hrygnur en áætluð þyngd urriðanna 1,16 kg (Tafla 3).

Tafla 3. Silungsveiðin (bleikja og urriði) á vatnasvæði Flekkudalsár árið 2025 skipt eftir sjávaraldri og kyni. Mæld og áætluð meðalþyngd og -lengd hvers flokks er sýnd.

Kyn	Fjöldi	Mæld_meðalþyngd	Áætluð_meðalþyngd	Mæld_meðallengd	Áætluð_meðallengd	Heildarþyngd	Kyn (%)
Bleikja							
Hrygna	5	0,62	0,62	37,60	37,60	3,10	100,00
Óþekkt	1	0,40	0,40	31,00	31,00	0,40	
Alls	6	0,58	0,58	36,50	36,50	3,50	
Urriði							
Hængur	5	1,76	1,76	51,60	51,60	8,80	26,32
Hrygna	14	1,29	1,29	47,07	47,07	18,00	73,68
Óþekkt	10	0,64	0,68	38,80	38,80	6,84	
Alls	29	1,16	1,16	45,00	45,00	33,64	




3. mynd. Laxveiðin á vatnasvæði Flekkudalsár 1984 – 2025. Lárétt lína sýnir meðalveiði tímabilsins 1984 – 2024. Skipting á smálaxi og stórlaxi liggur ekki fyrir árin 1984 – 1986 né árið 2014.



4. mynd. Hlutdeild veiða og sleppa af heildar stangveiði á laxi á vatnasvæði Flekkudalsár 2015 – 2025. Afli er landaður fiskur.

Bleikjur veiddust frá upphafi veiðitímans og framundir 20. ágúst en veiði á urriða dreifðist meira yfir allt veiðitímabilið og mesta vikuveiði á urriða var í september. Stígandi var í laxveiðinni frá upphafi veiðitímans og til loka júlí en þá fór veiðin aftur minnkandi til 20. ágúst. Svolítið af laxi veiddist í september (5. mynd).



5. mynd. Stangveiðin (fjöldi fiska á viku) á vatnasvæði Flekkudalsár árið 2025. Myndin spannar tímabilið frá 2. júlí – 17. september.

3.2 Hreisturrannsóknir

Fimm hreistursýni af laxi voru greind úr stangveiðinni og er það um 9% af heildarveiðinni. Sýnin voru af þremur smálöxum (1 ár í sjó) og tveimur löxum á endurtekinni hrygningu (smálaxar frá 2024). Ferskvatnsaldur var þrjú til fjögur ár og fjögur sýni voru rakin til klakárs 2020 en eitt sýni til klakársins 2021.

Tafla 4. Niðurstöður rannsókna á hreistri úr stangveiðinni á vatnasvæði Flekkudalsár 2025. Aldur í ferskvatni og sjó er sýndur og hvort lax hafi áður gengið til hrygningar.

Ferskvatns- aldur (ár)	Smálax (1 vetur í sjó)				2. hrygningarganga		Alls	%
	Óþ	Hæ	Hr	Samtals	Óþ	Samtals		
3			1	1	2	2	3	60
4	1	1		2			2	40
Samtals	1	1	1	3	2	2	5	100

Tafla 5. Aldursgreindir laxar út frá hreistri úr stangveiðinn á vatnasvæði Flekkudalsár 2025.

Klakár	1 vetur í sjó	2 vetur í sjó	Samtals	%
2021	1		1	20
2020	2	2	4	80
Samtals	3	2	5	100

3.3 Seiðamælingar


Í seiðamælingum á vatnasvæðinu veiddust 94 laxaseiði af fjórum aldurshópum (0+ til 3+) (Tafla 6), eitt sumargamalt (0+) bleikjuseiði (Tafla 7) og 12 urriðaseiði af tveimur aldurshópum (0+ og 1+) (Tafla 7). Meðallengdir yngstu þriggja aldurshópa laxaseiða voru allar yfir langtímameðaltali en mestur var munurinn hjá 0+ seiðum (0,6 cm) en þriggja ára (3+) seiðin voru jöfn langtímameðaltalinu (6. mynd). Bleikjuseiðið var 5,2 cm en meðallengd sumargömlu (0+) urriðaseiðanna var 5,6 cm og þeirra veturgömlu (1+) 7,4 cm (Tafla 7).

Tafla 6. Meðallengd (Ml, cm), fjöldi (Fj) og staðalfrávik (St.dev) hvers aldurshóps laxaseiða á hverri stöð auk meðaltals yfir allt svæðið á vatnasvæði Flekkudalsár 12. september 2025.

Rafveiði- stöð (nr)	Lax 0+			Lax 1+			Lax 2+			Lax 3+			Samtals
	Ml.	Fj.	St.dev.	Ml.	Fj.	St.dev.	Ml.	Fj.	St.dev.	Ml.	Fj.	St.dev.	
1	4,8	6	0,27							10,4	1		7
2	4,0	14	0,16	5,8	2	0,07	7,8	6	0,76				22
3	4,0	12	0,27				6,5	1		9,4	1		14
4				6,1	1		7,8	2	0,78	8,4	2	1,48	5
5	4,3	4	0,47	6,6	3	0,12	8,7	1		9,5	1		9
6	4,2	19	0,34	6,2	4	0,29	7,3	2	0,07				25
7	4,1	6	0,30	6,1	3	0,46	9,9	2	0,57	10,8	1		12
Allar st.	4,1	61	0,36	6,2	13	0,38	8,0	14	1,09	9,5	6	1,21	94

Tafla 7. Meðallengd (Ml, cm), fjöldi (Fj) og staðalfrávik (St.dev) hvers aldurshóps bleikju- og urriðaseiða á hverri stöð auk meðaltals yfir allt svæðið á vatnasvæði Flekkudalsár 12. september 2025.

Rafveiði- stöð (nr)	Bleikja 0+			Urriði 0+			Urriði 1+			Samtals
	Ml.	Fj.	St.dev.	Ml.	Fj.	St.dev.	Ml.	Fj.	St.dev.	
1	5,2	1								1
2							6,8	3	0,32	3
3							6,7	1		1
4							7,9	4	0,69	4
5				5,6	2	0,64	7,9	1		3
6										0
7										0
Allar st.	5,2	1		5,6	2	0,64	7,4	9	0,74	12




6. mynd. Meðallengd (cm) aldurshópa laxaseiða eftir árum á vatnasvæði Flekkudalsár 1986 – 2025. Meðaltal tímabilsins 1986 – 2024 er sýnt með lárétttri línu (Mt). Athugið mismunandi kvarða á Y – ás.

Samanlögð seiðavísitala allra árganga laxaseiða var 9,7/100 m² að meðaltali, um 38% undir langtímameðaltali (1986 – 2024; 15,5/100 m²) (Tafla 8; Viðauki 3). Sumargömlu (0+) seiðin voru vel yfir langtímameðaltali en aðrir aldurshópar voru undir því (7. mynd). Sérstaka athygli vakti mjög lág seiðavísitala veturgömlu (1+) seiðanna sem var einungis um fimmtungur af langtímameðaltali og mældist seinast í álíka litlum þéttleika árið 2001. Samanlögð seiðavísitala urriða var 1,1/100 m² að meðaltali og seiðavísitala bleikju var 0,1/100 m² (Tafla 8).

Tafla 8. Vísitala seiðapéttleika (fjöldi seiða/100 m²) allra aldurshópa laxa- og urriðaseiða í seiðamælingum á vatnasvæði Flekkudalsár 12. september 2025. Reiknað er meðaltal stöðva.

Rafveiði- stöð nr.	Svæði m ²	Bleikja	Lax					Urriði		
		0+	0+	1+	2+	3+	Samtals	0+	1+	Samtals
1	160	0,6	3,8	0,0	0,0	0,6	4,4	0,0	0,0	0,0
2	102	0,0	13,7	2,0	5,9	0,0	21,5	0,0	2,9	2,9
3	260	0,0	4,6	0,0	0,4	0,4	5,4	0,0	0,4	0,4
4	143	0,0	0,0	0,7	1,4	1,4	3,5	0,0	2,8	2,8
5	230	0,0	1,7	1,3	0,4	0,4	3,9	0,9	0,4	1,3
6	125	0,0	15,2	3,2	1,6	0,0	20,0	0,0	0,0	0,0
7	129	0,0	4,7	2,3	1,6	0,8	9,3	0,0	0,0	0,0
Meðaltal		0,1	6,2	1,4	1,6	0,5	9,7	0,1	0,9	1,1



7. mynd. Seiðavísitala (fj/100 m²) laxaseiða eftir aldurshópum á vatnasvæði Flekkudalsár 1986 – 2025. Heil lárétt lína sýnir meðaltalsvísitölu (Mt) tímabilsins (1986 – 2024). Athugið mismunandi kvarða á Y – ás.

Holdastuðull bleikjuseiðisins var 0,78 en að meðaltali var holdastuðull laxaseiðanna (allir aldurshópar) 1,00 og urriðaseiðanna 1,07 (Tafla 9).

Tafla 9. Holdastuðull (K) allra aldurshópa laxa og urriðaseiða í seiðamælingum á vatnasvæði Flekkudalsár 12. september 2025.

Ferkvatns- aldur (ár)	Bleikja			Lax			Urriði		
	K	Fjöldi	St.dev.	K	Fjöldi	St.dev.	K	Fjöldi	St.dev.
0+	0,78	1		1,01	61	0,10	1,07	2	0,13
1+				0,98	13	0,08	1,07	9	0,04
2+				0,99	14	0,05			
3+				1,04	6	0,03			
Samtals	0,78	1		1,00	94	0,09	1,07	11	0,05

4 Umræður

Í bráðabirgðatölum Hafrannsóknastofnunar og Fiskistofu kemur fram að stangveiði á villtum laxi í ám á Íslandi árið 2025 hafi dregist saman um 33% á milli ára og er einnig um 33% undir meðalveiði frá 1974 (Hafrannsóknastofnun, 2025). Hér er átt við stangveiði þegar búið er að undanskilja fjölda laxa úr hafbeitarsleppingum en ekki hefur verið leiðrétt fyrir þeim fjölda laxa er kunna að veiðast aftur eftir að hafa verið veitt og sleppt. Miklar sveiflur hafa einkennt laxveiðina á landinu öllu í á annan áratug (Guðmunda Björg Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson, 2025). Fjöldi laxa sem gengur í árna á hvert er m.a. háður fjölda gönguseiða sem halda til sjávar árin á undan og afdrifum þeirra í sjávardvölinni. Almennt hefur dánartala laxa í sjó í Norður Atlantshafi farið vaxandi og eru ástæður þess ekki fyllilega þekktar. Þó má nefna að sýnt hefur verið fram á að hitafar sjávar er einn af lykilþáttum í laxgengd og laxveiði hverju sinni (Olmos ofl., 2020). Óvenjuleg hlýindi víðast hvar á landinu einkenndu veðurfar sumarsins 2025 (Veðurstofa Íslands, 2026a, b, c, d, e). Vesturland fór ekki varhluta af því og hefur maí ekki áður mælst jafn hlýr og setti löng hitabylgja mark sitt á mánuðinn. Júní var hinsvegar tiltölulega kaldur og lofthiti víðast hvar undir meðaltali. Það sem eftir lifði sumars einkenndist af hlýindum, einkum í júlí, og var meðallofthiti mánaðanna að september meðtöldum yfir meðaltali. Áhrif hlýindanna koma glöggst fram í vöktunarneti Hafrannsóknastofnunar á vatnshita í ám á Vesturlandi (óbirt gögn). Mælingar á vatnshita í Krossá á Skarðsströnd hafa verið gerðar frá 1999 – 2025. Jákvætt frávik var á mánaðarmeðaltölum á vatnshita í Krossá frá maí – september. Mesta frávikið var í júlí (+1,44°C) og næst mest í maí (+1,29°C). Frávik í júní var +0,36; +0,60 í ágúst og +0,79 í september (óbirt gögn). Víða mældist vöxtur sumargamalla seiða (0+) hátt yfir meðaltali sumarið 2025 og má væntalega rekja að stórum hluta til þessa langa hlýindakafila. Árið áður (2024) var vöxtur yngstu seiðanna (0+) víða talsvert undir meðaltali, en þá var kalt í veðri og mánaðarmeðaltöl vatnshita undir meðallagi (Ásta Kristín Guðmundsdóttir ofl., 2025; Sigurður Már Einarsson ofl., 2025)

Laxveiðin á vatnasvæði Flekkudalsár árið 2025 (55 laxar) var mjög dræm og náði ekki þriðjungu af meðalveiði árána 1984 – 2024 sem er 175 fiskar (Guðmunda Björg Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson, 2025). Veiðin dróst einnig mikið saman á milli ára eða um tæp 63%. Síðasta áratuginn hefur laxveiðin á vatnasvæðinu verið undir langtímameðaltali í öllum tilfellum og fjögur lökustu veiðiárin í sögu veiðiskráningar í ánni er að finna á tímabilinu 2019 – 2025. Laxveiðin er borin uppi af smálöxum en skylt er að sleppa öllum stórlöxum sem getur haft mikla þýðingu fyrir hrygninguna í ánni, einkum þegar smálaxagöngur eru litlar. Færst hefur í aukana að sleppa lifandi fiski úr stangveiðinni á svæðinu og var hlutdeild þess sú hæsta fram til þessa árið 2025. Sú niðurstaða er sennilega tilkomin vegna þess hve veiðin var lítil og hlutfallslegt vægi hvers fisks sem sleppt er þar af leiðandi mikið.

Seiðavísitala sumargömlu laxaseiðanna (0+) 2025 mældist nokkuð yfir langtímameðaltali en vísitala veturgömlu (1+) seiðanna var mjög lág og leita þarf aftur til ársins 2001 til að finna jafn lága seiðavísitölu hjá aldurshópnum. Svo virðist sem mikil afföll hafi orðið á klakárangri 2024 á milli ára. Árið 2024 var vísitala 0+ seiða (klakárangur 2024) nálægt meðallagi en árið 2025 var vísitala sama klakárangs (þá 1+ seiði) langt undir meðallagi. Það er hugsanlegt að þessa miklu niðursveiflu í þéttleika megi að einhverju leyti rekja til affalla sem kunna að hafa orðið vegna þess hve kalt var í veðri sumarið 2024 og seiðin smá um haustið. Samskonar niðursveiflu á milli ára hjá klakárgangi 2024 hefur verið greind í seiðamælingum á vatnasvæði Hörðudalsár 2025 (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Jóhannes Guðbrandsson, í ritun).

Seiðavísitala á vatnasvæði Flekkudalsár hefur síðasta áratuginn í flestum tilfellum mælst vel yfir meðallagi. Sumargömul (0+) seiði hafa aðeins einu sinni verið undir langtímameðaltali en í flestum tilfellum langt fyrir ofan það. Seiðavísitala veturgömlu (1+) seiðanna (fyrir utan síðustu 2 ár) hefur einnig verið nokkuð yfir meðallagi og stundum langt fyrir ofan það. Ferskvatnsdvöl laxaseiða á vatnasvæðinu er yfirleitt 3 – 4 ár og því hefði mátt búast við (miðað við sterka seiðaárganga) laxagöngum í meðallagi síðustu árin, að því gefnu að skilyrði í hafi yrðu hentug. Veiðin sumarið 2025 stóð engan vegin undir þeim væntingum. Samkvæmt hreisturgögnum var veiði ársins 2025 rakin til klakárganga 2020 og 2021 sem mældust með seiðavísitölu töluvert yfir meðallagi og var talið líklegt að þeir gætu skilað þokkalega sterkum gönguseiðaárgangi til sjávar 2024. Kalt vor árið 2024 gæti hafa hægt á gönguseiðaþroska og léleg sjávarskilyrði aukið afföll sem leiddu til lélegrar laxagöngu.

Einungis fimm hreistursýnum var safnað í veiðinni 2025 og niðurstaða því tæpast marktæk en samkvæmt greiningu voru fjögur sýni af löxum á endurtekinni hrygningu eða 40% sýna. Þetta er reyndar áþekk niðurstaða og kom fram í rannsóknum í Hörðudalsá 2025 þar sem 45% hreistursýna úr laxveiðinni voru af fiskum á endurtekinni hrygningargöngu (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Jóhannes Guðbrandsson 2026, í ritun). Um er að ræða smálaxa úr veiðinni 2024 sem lifðu hrygninguna af, gengu til sjávar en snéru samsumars í ána aftur. Þessir fiskar ásamt 2ja ára löxum í veiðinni 2025 komu úr gönguseiðaárgangi 2023. Niðursveiflan í laxveiðinni 2025 var mikil og var veiðin sú önnur minnsta í langri sögu veiðiskráningar í ánni. Líklegt þykir að gönguseiðaárgangur 2024 kunni að hafa orðið fyrir töluverðum afföllum í sjávardvölinni og styðja mælingar á sjávarhita í júlí 2024 þá kenningu en þá var sjávarhiti milli 60°N - 64°N og 20°W - 35°W að meðaltali 10,4°C í júlí en var 11,1°C árið áður (Huang ofl., 2017). Þannig virðist hlutur tveggja ára laxa og fiska á endurtekinni hrygningu í laxagöngunni í Flekkudalsá 2025 verið þýðingarmikill til að vega upp á móti að því er virðist mjög lítilli smálaxagöngu.

Ekki er starfræktur fiskteljari á vatnasvæði Flekkudalsár og þ.a.l. ekki hægt með vissu að segja til um stærð hrygningarstofnsins hverju sinni. Ólíklegt er talið að stangveiðin ár hvert á vatnasvæðinu endurspegli raunverulega stofnstærð laxa sem gengur í ána en oft er miðað við að um 50% smálaxa veiðist úr göngunni og um 70% stórlaxa (Ingi Rúnar Jónsson ofl., 2008). Mjög líklegt er talið, þar sem fluguveiðar er eina leyfða veiðiaðferðin á svæðinu, að veiðihlutfallið sé lægra en þessi viðmið segja til um (Sigurður Már Einarsson ofl., 2020). Aukinheldur hefur verið bent á að þar sem stór svæði eru friðuð, líkt og á vatnasvæði Flekkudalsár, sé stofninn í heild sinni hlutfallslega undir minna veiðiálagi en þar sem engin friðuð svæði eru (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Jóhannes Guðbrandsson, 2024). Niðurstöður seiðamælinga sem sýna að nýliðun (0+) mælist oft meiri en búast hefði mátt við, miðað við veiðitölur ársins á undan, styðja þær hugmyndir að veiðihlutfallið geti verið með lægra móti á svæðinu.

Lengst af hefur kostnaður við mannvirkjagerð og kaup á búnaði til fisktalninga verið mikill. Tækniframfarir hin síðari ár gera hinsvegar kleift að með myndavél og gervigreindarbúnaði væri nú hægt, á mun ódýrari og einfaldari máta en áður, að telja og tegundagreina þá fiska sem ganga um ána. (sjá <https://tiva.se/en/underwater-camera/>).

Ráðgjöf

Hafrannsóknastofnun ráðleggur að skoðaður verði möguleiki á teljarabúnaði á vatnasvæðinu en aðstæður í hyl undir brúnni í Kjarlaksstaðaá virðast hentugar fyrir myndavélvöktun, auk þess sem líklega er stutt í rafmagnstengingu.

Hvatt til áframhaldandi veiðistjórnunar með sömu áherslur, þ.e. með kvóta og áherslu á sleppingar.

Í lokin er ráðlagt að átak verði gert í hreistursýnatöku á vatnasvæðinu en hreistursýni veita mikilvægar upplýsingar um samsetningu laxastofnsins. Bent er á að hægt er að taka hreistursýni af lifandi fiski ef gætt er að handbrögðum (sjá leiðbeiningar í Viðauka 4).

Þakkarorð

Formanni Veiðifélags Fellsstrandar, Sigurði Rúnari Friðjónssyni er þakkað gott samstarf og Sigurður Óskar Helgason fær þakkir fyrir vandaðan yfirllestur á handriti skýrslunnar.

Heimildir

- Ásta Kristín Guðmundsdóttir. (2013). Skipting stangveiðinnar í Flekkudalsá, Kjarlaksstaðaá og Tunguá eftir veiðistöðum fyrir tímabilið 2004 – 2013. Veiðimálastofnun. VMST-G/13016. 14 bls.
- Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Jóhannes Guðbrandsson. (2024). Vatnasvæði Flekkudalsár 2023. Vöktun á stofnum laxfiska. Hafrannsóknastofnun. HV 2024-16. 12 bls.
- Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson. (2014). Flekkudalsá í Dölum. Samantekt um fiskirannsóknir 2013. Veiðimálastofnun. VMST/14041. 16 bls.
- Ásta Kristín Guðmundsdóttir, Jóhannes Guðbrandsson og Sigurður Már Einarsson. (2025). Norðurá í Borgarfirði 2024. Vöktun á stofnum laxfiska. Hafrannsóknastofnun. HV 2025-15. 27 bls.
- Bagenal, T.B. and Tesch, F.W. (1978). Age and Growth. Í: T. Bagenal (ritstj.). Methods for Assessment of Fish Production in Fresh Waters. Blackwell Scientific Publications. Oxford. Þriðja útgáfa. bls.101-136.
- Guðmunda Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson. (2025). Lax- og silungsveiðin 2024. Hafrannsóknastofnun og Fiskistofa. HV 2025-28. 37 bls.
- Hafrannsóknastofnun. (2025, 17. október). Bráðabirgðatölur fyrir stangveiði á laxi sumarið 2025. <https://www.hafogvatn.is/is/midlun/frettir-og-tilkynningar/bradabirgdatolur-fyrir-stangveidi-a-laxi-sumarid-2025>
- Huang B., Thorne P.W., Banzon V.F., Boyer T., Chepurin G., Lawrimore J.H., Menne M.J., Smith T.M., Vose R.S. og Zhang H. (2017). NOAA Extended Reconstructed Sea Surface Temperature (ERSST), Version 5. NOAA National Centers for Environmental Information. doi:10.7289/V5T72FNM.
- Ingi Rúnar Jónsson, Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson. (2008). Relation between stock size and catch data of Atlantic salmon (*Salmo salar*) and Arctic charr (*Salvelinus alpinus*). ICE.AGRIC.SCI. 21, bls. 61-68.
- Olmos M., Payne M.R., Nevoux M., Prévost E., Chaput G., Du Pontavice H., Guitton J., Sheehan T., Mills K. og Rivot E. (2020). Spatial synchrony in the response of a long range migratory species (*Salmo salar*) to climate change in the North Atlantic Ocean. *Glob Change Biol.* 26:1319–1337 <https://doi.org/10.1111/gcb.14913>
- Sigurður Már Einarsson. (1987). Vatnasvæði Kjallakstaðaár. Fiskirannsóknir 1986. Veiðimálastofnun. VMST-V/87018. 14 bls.
- Sigurður Már Einarsson og Ásta Kristín Guðmundsdóttir. (2013). Búsvæðamat á vatnasvæði Flekkudalsár á Fellsströnd. Veiðimálastofnun. VMST/13009. 15 bls.
- Sigurður Már Einarsson, Jóhannes Guðbrandsson og Ásta Kristín Guðmundsdóttir. (2020). Vöktunarrannsóknir og viðmiðunarmörk hrygningar í Langá á Mýrum. Hafrannsóknastofnun. HV 2020-16. 35 bls.
- Sigurður Már Einarsson, Jóhannes Guðbrandsson og Ásta Kristín Guðmundsdóttir. (2025). Krossá í Dölum. Seiðarannsóknir, stangaveiði og göngur laxfiska. Hafrannsóknastofnun. HV 2025-14. 35 bls.
- Veðurstofa Íslands. (2026a). Tíðarfar í maí 2025. Skoðað 9. janúar 2026 á <https://www.vedur.is/um-vi/frettir/tidarfar-i-mai-2025>
- Veðurstofa Íslands. (2026b). Tíðarfar í júní 2025. Skoðað 9. janúar 2026 á <https://www.vedur.is/um-vi/frettir/tidarfar-i-juni-2025>

Veðurstofa Íslands. (2026c). Tíðarfar í júlí 2025. Skoðað 9. janúar 2026 á <https://www.vedur.is/um-vi/frettir/tidarfar-i-juli-2025>

Veðurstofa Íslands. (2026d). Tíðarfar í ágúst 2025. Skoðað 9. janúar 2026 á <https://www.vedur.is/um-vi/frettir/tidarfar-i-agust-2025>


Veðurstofa Íslands. (2026e). Tíðarfar í september 2025. Skoðað 9. janúar 2026 á <https://www.vedur.is/um-vi/frettir/tidarfar-i-september-2025>

Viðauki 1: Fjöldi og hlutdeild laxa sem sleppt er af heildarveiðinni á vatnasvæði Flekkudalsár 2015 – 2025.

Ár	Veiði (fjöldi)			Sleppt (fjöldi)			Sleppt (%)		
	Smálax	Stórlax	Lax alls	Smálax	Stórlax	Lax alls	Smálax	Stórlax	Lax alls
2015	209	12	221	87	10	97	41,6	83,3	43,9
2016	104	10	114	28	8	36	26,9	80,0	31,6
2017	128	7	135	31	5	36	24,2	71,4	26,7
2018	130	6	136	29	6	36	22,3	100,0	26,5
2019	26	12	38	4	8	12	15,4	66,7	31,6
2020	126	13	139	36	8	44	28,6	61,5	31,7
2021	69	12	81	15	12	27	21,7	100,0	33,3
2022	107	5	112	27	3	30	25,2	60,0	26,8
2023	67	6	73	26	4	30	38,8	66,7	41,1
2024	139	9	148	64	9	73	46,0	100,0	49,3
2025	49	6	55	25	6	31	51,0	100,0	56,4
Meðaltal	107	9	117	31	7	39	31,1	80,9	36,2

Viðauki 2: Veiði (fjöldi fiska) eftir veiðistöðum og tegundum á vatnasvæði Flekkudalsár 2025.

Flekkudalsá / Flekkudalsá við Hvammsfjörð árið 2025



Viðauki 3: Seiðavísitala (fj seiða/100m²) hjá laxi á vatnasvæði Flekkudalsár 1986 – 2025. *Ekki mælt.

Ár	0+	1+	2+	3+	4+	5+	Alls
1986	0,0	3,0	1,9	0,3	0,3	0,1	5,6
1987	0,1	1,2	5,4	0,4	0,0	0,0	7,1
1988	0,6	3,0	2,0	1,6	0,0	0,0	7,2
1989	1,1	0,8	2,3	0,5	0,5	0,0	5,2
1990	2,2	1,0	1,6	1,1	0,2	0,0	6,1
1991	1,9	2,0	0,2	0,3	0,5	0,0	4,9
1992	2,8	4,6	3,2	1,5	0,2	0,1	12,4
1993	2,3	3,8	3,1	0,8	0,0	0,0	10,0
1994	2,4	2,8	5,2	1,7	0,2	0,0	12,3
1995	1,6	2,8	2,7	2,1	0,1	0,0	9,3
1996	0,0	1,8	1,9	1,4	0,6	0,0	5,7
1997	1,1	2,5	1,5	0,8	0,2	0,0	6,1
1998	0,2	4,1	2,7	0,5	0,1	0,0	7,6
1999	1,8	2,6	2,5	0,3	0,0	0,0	7,2
2000	0,4	5,0	2,6	1,0	0,0	0,0	9,0
2001	0,7	1,6	2,2	1,4	0,0	0,0	5,9
2002	3,8	4,3	2,0	1,3	0,0	0,0	11,4
2003	8,7	7,3	2,7	0,9	0,1	0,0	19,7
2004	4,1	8,8	3,5	0,9	0,0	0,0	17,3
2005*							
2006	4,3	7,3	6,0	2,1	0,0	0,0	19,7
2007	5,0	6,3	2,1	0,6	0,0	0,0	14,0
2008	9,4	9,9	5,7	1,4	0,2	0,0	26,6
2009	8,6	9,3	7,0	2,1	0,2	0,0	27,2
2010	5,4	14,7	4,9	3,0	0,0	0,0	28,0
2011	5,1	10,7	8,7	1,5	0,0	0,0	26,0
2012	10,6	9,2	5,6	2,2	0,1	0,0	27,7
2013	7,2	7,1	3,1	1,1	0,1	0,0	18,6
2014	4,9	4,9	3,1	0,7	0,2	0,0	13,7
2015	3,3	7,5	4,9	3,5	0,7	0,1	20,0
2016	9,7	4,5	6,1	2,4	0,7	0,1	23,4
2017	10,1	14,8	2,1	2,4	0,4	0,0	29,9
2018	11,9	12,5	5,6	0,7	0,6	0,0	31,4
2019	8,2	13,5	4,4	0,7	0,0	0,0	26,9
2020	7,0	7,6	2,1	0,9	0,0	0,0	17,6
2021	8,7	8,2	5,4	1,8	0,0	0,0	24,0
2022	8,1	8,2	2,2	0,7	0,2	0,0	19,4
2023	2,7	6,8	3,1	0,3	0,2	0,0	13,1
2024	4,6	4,8	3,2	0,5	0,0	0,0	13,1
2025	6,2	1,4	1,6	0,5	0,0	0,0	9,7
Meðaltal 1986 - 2024	4,5	6,1	3,5	1,2	0,2	0,0	15,5
Max	11,9	14,8	8,7	3,5	0,7	0,1	31,4
Min	0,0	0,8	0,2	0,3	0,0	0,0	4,9

Viðauki 4: Hreistur tekið af lifandi fiski.

Upplýsingar teknar af heimasíðu Hafrannsóknastofnunar 4. febrúar 2026 á slóðinni:

<https://www.hafogvatn.is/is/rannsoknir/stangveidi/hreistursynataka>

Færst hefur í auka að veiða og sleppa fiskum með þeim tilgangi að draga úr afföllum hrygnandi fiska og þar af leiðandi hvetja til aukinnar nýliðunum í veiðiám. Mikilvægt er að safna hreistri af fiskum sem sleppt er aftur en slíkt þarf að gera með mikilli varkárni. Hreistur er tekið af sama stað og rætt var um hér að ofan. Þegar hreistri er safnað af lifandi fiski eru nokkur atriði sem þarf að huga sérstaklega að:

1. Lyfta fiskinum sem minnst frá vatni.
2. Mæla lengd fisksins með málbandi (ekki er mælt með því að vigta fiska sem sleppt er til lífs).
3. Veiðimaður skal hafa hröð og örugg vinnubrögð.
4. Renna hnífsoddi á móti legu hreisturs til að losa hreisturplöturnar af.
5. Passa vel að skera ekki í roð fisksins eða særa hann á meðan hreistri er safnað, en við það skapast sýkingarhætta.



HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna